
18/12/2019

Upplýsingar um heimavist og mótuneyti Verkmenntaskóla Austurlands

Heimavistin að Nesgötu 40 verður opnuð nemendum **sunnudaginn 5. janúar 2019 kl.17:00.**

- **17:00 – 18:00** Undirritun húsaleigusamninga, heimavistarreglur kynntar.
- **18:00** Léttur kvöldverður

*** Foreldrar/forráðamenn mæta með nemendum yngri en 18 ára og undirrita með þeim húsaleigusamning**

[Hér má sjá ýmsar gagnlegar upplýsingar um heimavistina!](#)

Leiga á vorönn 2020:

- Einn í herbergi kr. 60 þús. fyrir önnina.
- Tveir í herbergi kr. 40 þús. fyrir önnina.

Á heimavistinni eru eldhúskrókar til afnota fyrir nemendur. Í þeim eru öll nauðsynleg eldhúsáhöld og tæki s.s. ísskápur, örbylgjuofn, brauðrist o.fl. Góð umgengni er forsenda þess að sambýli um eldhúskróka gangi vel.

Nemendur þurfa sjálfir að koma með rúmföt, sæng, kotta og handklæði og það sem þeir vilja skreyta herbergi sitt með.

Hafi nemendur sérstakar óskir varðandi herbergisfélaga eða óska þess að vera einir í herbergi, þá vinsamlegast sendið okkur tölvupóst á netfangið va@va.is

Mötuneyti:

- Kostnaður fyrir fimm daga fæði á haustönn er kr. 207 .000.- innifalið í því er morgunverður 5 daga vikunnar og hádegis- og kvöldmat (kvöldmáltíð á föstudagskvöldum er ekki innifalinn þar sem heimavistin er lokað um helgar).
- Gjaldið er innheimt í 4 greiðslum.
- Stofnuð er krafa í heimabanka nemenda eldri en 18 ára og hjá forráðamönnum nemenda yngri en 18 ára.

[Matseðil má nálgast á heimasíðu skólans](#) og einnig á [Facebook síðu Matfélagsins](#).

[Hér má lesa nánar](#) um kostnað við heimavist og mötuneyti ásamt upplýsingum um jöfnunarstyrk og húsaleigubætur.

Að gefnu tilefni er þess farið á leit við ykkur að þið fylgið þeim reglum sem gilda við búsetu á heimavist VA. [Hér má finna heimavistarreglur](#) og eruð þið beðin um að kynna ykkur þær vel áður en dvöl hefst. Við viljum að öllum líði vel á vistinni, þetta er ykkar heimili, þar eiga allir skjól. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að sameiginleg þrif fylgja því að búa á heimavistinni ásamt því að þrifa eigið herbergi.

Verið velkomin á heimavistina!

Lilja Guðný Jóhannesdóttir
skólameistari
GSM: 848 3607

Björgúlfur Halldórsson
húsvörður
GSM: 895 0166